

**Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. [1074-2017](#),  
sbr. starfsrgl. [nr. 45/2022-2023](#).**

**1. gr.** *Stefna Þjóðkirkjunnar í kirkjutónlistarmálum.*

Á vegum Þjóðkirkjunnar skal staðið að kirkjutónlistarmálum með hliðsjón af og í samræmi við tónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar sem kirkjuþing samþykkir.

Meginviðfangsefni kirkjutónlistarstefnu eru söngur og tónlistarflutningur við helgiathafnir kirkjunnar, almenn fræðsla, menntun og símenntun starfsmanna í kirkjutónlist.

**2. gr.** *Framkvæmd kirkjutónlistarstefnu og umsjón með kirkjutónlistarmálum.*

Biskup Íslands ábyrgist framkvæmd tónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar í samræmi við starfsreglur þessar. Biskup skipar söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar til að framfylgja kirkjutónlistarstefnunni og hafa umsjón með framkvæmd hennar. Biskup setur söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar erindisbréf.

**3. gr...** Felld brott með starfsrgl. nr. 45/2022-2023.

**4. gr.** *Menntun.*

Framkvæmd og umsjón kirkjutónlistarstefnu skal einkum felast í því að

1. veita organistum, prestum, kórstjórum, kirkjukórum, barnakórum og öðrum sem að kirkjulegu tónlistarstarfi koma ráðgjöf, fræðslu, aðstoð og stuðning,
2. mennta organista og annað tónlistarfólk til starfa innan kirkjunnar,
3. bjóða upp á símenntun í kirkjutónlist, sálmafræði og lítúrgískum fræðum.

**5. gr.** Kirkjan starfrækir Tónskóla Þjóðkirkjunnar sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu þeirra og annars tónlistarfólks innan kirkjunnar, sbr. 4. grein, liði b og c. Tónskólinn heyrir undir biskup. Skólinn starfar eftir námsskrá sem biskup samþykkir.

**6. gr.** Biskup skipar þriggja manna kirkjutónlistarráð sem er stjórn Tónskóla Þjóðkirkjunnar og fagráð í kirkjutónlistarmálum. Það starfar í samráði við söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar. Kirkjutónlistarráð ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni.

Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum kirkjutónlistarráðs og ákvarðanir þess. Fundargerðir skulu sendar biskupi.

Biskup setur kirkjutónlistarráði erindisbréf.

Tilnefningar til setu í kirkjutónlistarráði: Biskup tilnefnir formann ráðsins og einn til vara, stjórn Félags íslenskra organleikara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og stjórn Prestafélags Íslands einn fulltrúa og einn til vara.

**7. gr.** Söngmálastjóri er skólastjóri Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Skólastjóri annast daglega yfirstjórn skólans og ræður annað starfsfólk hans í samráði við stjórn.

**8. gr.** Skólastjóri Tónskólans gerir árlega starfs- og rekstraráætlun í samráði við kirkjutónlistarráð og leggur fyrir biskup til samþykktar. Starfs- og rekstrarár skólans er almanaksárið.

Skólastjóri skilar ársskýrslu og ber ábyrgð á gerð ársreiknings sem lagður er fyrir biskup.

**9. gr.** Tónskólanum er heimilt að afla sértekna.

**10. gr.** *Organistar.*

Organistum er falin tónlistarstjórn safnaða þjóðkirkjunnar. Skilyrði fyrir ráðningu í starf organista er próf í kirkjutónlist frá Tónskóla þjóðkirkjunnar eða sambærileg próf í kirkjutónlist.

**11. gr.** Sóknarnefndir auglýsa laus störf organista í samræmi við starfsreglur þessar.

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, skólastjóri Tónskólans og formaður FÍO veita faglega aðstoð við ráðningarferli.

Fáist ekki organisti til starfa með tilskilda kirkjutónlistarmenntun, sbr. 10. gr., er heimilt að ráða tímabundið í starfið til eins árs í senn.

Auglýsa skal laus störf organista með fjögurra vikna umsóknarfresti hið minnsta.

Í auglýsingu skal koma fram ítarleg starfslýsing, ráðningarkjör og umsóknarfrestur.

Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir menntun og fyrri störfum og skila gögnum þar um eftir því sem við á.

**12. gr.** Organisti stýrir tónlistarstarfi safnaðar í samráði við presta, sóknarnefnd og annað starfsfólk s.s. stjórnendur annarra kóra safnaðarins og starfsfólk í barna- og æskulýðsstarfi.

Organisti gerir árlega starfs- og rekstraráætlun og leggur fyrir sóknarnefnd til samþykktar.

Organisti ber ábyrgð á hljóðfærum safnaðarins, notkun þeirra og viðhaldi. Sóknarnefnd setur organista erindisbréf.

**13. gr.** Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 57. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um organista nr. 823/1999, með síðari breytingum og starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002, með síðari breytingum.